

Heimilisofbeldisiðnaðurinn: Lögreglan hikar. Evelyn Rae

Heimilisofbeldisiðnaðurinn blómstrar á Vesturlöndum – ekki síst á Íslandi. Það var eftirtektarvert, að ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur, afréð að styrkja þennan iðnað í veirukreppunni, m.a. með stofnun Kvennaathvarfs á Akureyri. Eins og allir vita, snýst þessi iðnaður um að hlúa að konum, refsa körlum og endurhæfa þá sökum ofbeldishegðunar, sem fórnarlömbin, konurnar, yfirléitt bera vitni um.

Það er væntanlega einnig á flestra vitorði, að kvenfrelsarar – íslenska ríkistjórnin meðtalin – berst fyrir að auðvelda konum að ákæra karla fyrir kynofbeldi og ofbeldi af öðru tagi gegn þeim og börnum. Fyrsta skrefið er oft og tíðum hringing til lögreglu, sem kemur með blikkandi ljósum og fjarlægir – samkvæmt lögum Alþingis – karlinn (föðurinn, elskhugann). Konunni er þá gjarnan ekið með börnunum í Kvennaathvarf. Stígmót taka slíkum „þolendum ofbeldis“ opnum örmum. Haldi konan því fram, að karlinn sé varhugaverður henni eða börnunum, gefur lögreglu út nálgunarbann. Konur snúa sér einnig beint til lögreglu og félagsmálastofnana til að setja ofbeldisekjuna af stað.

Kvenfrelsarar leggja þunga áherslu á, að konum skuli trúað um meint ofbeldi karla. Þeir afneita venjulega þeirri staðreynd, að bæði kyn beri ábyrgð á heimilisofbeldi nokkurn veginn til jafns. Þetta er gamalkunn vísindaleg staðreynd. Sjá til dæmis samantekt Martin S. Fribert, við háskólann í Kaliforníu. (References examining assaults by women on their spouses or male partners. An annotated bibliography.) Samantektin hljómar svo: „Lagt er mat á 286 vísindarannsóknir: 221 einstakar raunrannsóknir (empirical studies) og 65 yfirlit og/eða greiningar. Sýnt er fram á, að konur séu jafn áþreifanlega ýgar, og ýgari heldur en karlar í samböndum við maka eða karlkyns lífsförunauta. Samantekið er um að ræða meira en 371.600 manns í úrtökum þeim, sem yfirlitsrannsóknirnar taka til.“

Sálfræðingarnir, Nicola Graham-Kevan og Deboah Powney, frá háskólanum í Mið-Lanscshire á Englandi, benda á rannsóknir, sem sýna frama á, að konur séu líklegri til að greiða fyrsta höggið. Þegar konur efna til handalögmála er líklegra að þær, frekar en karlmaðurinn, verði fyrir meiðslum. (Þetta sýna þó ekki allar rannsóknir.) Þær segja: „Það er athyglivert, að þessi gögn hafa legið fyrir, meðan kvennahreyfingarnar hafa haldið uppi áróði fyrir kynjuðu viðhorfi [þ.e. að karlar beiti svo til einir ofbeldi við heimiliserjur]. En sökum þess, að farið hefur verið með þessa staðreynd í launkofa eða hún þögguð niður, er flestum hreyfinganna, svo og fólki almennt, ókunnugt um hana.“

Sama á við um falskar ákærur. Kvenfrelsarar afneita venjulega, að þær eigi sér stað. Lögregluþyriföldum og einstökum lögreglumönnum virðist nú ofboðið í Ástralíu, en þar gildir svipuð löggjöf og hér og kvenfrelsunaráróðurinn er sá sami. Fyrir skemmstu benti Samband lögreglumanna í Queensland ríki á, að fólkskum ákærum um heimilisofbeldi væri jafnaðarlega beitt til ávinnings í fjölskyldudeilum. Þetta er velþekkt fyrirbæri á Íslandi.

Lögreglumaður skrifaði: „Við erum líka sérfræðingar í heimilisofbeldi. Við tökumst í raun á við það, sem að lögreglunni snýr eins og að reyna að tjasla uppá ónýtt og gagnlaus lög um heimilisofbeldi. Og aðiljar í „heimilisofbeldisiðnaðinum“ álasa okkur fyrir það.“

Annar lögreglumaður lét hafa eftir sér: „Á starfsævinni hef ég orði vitni að mýgrúti tilvika, þar sem konur leggja á ráðin með kynsysturum sínum: „Segðu bara, að hann nauðgi eða lumbri á þér eða börnunum. Það hrífur ávallt.“

Sá þriðji sagði: „Í raun og sann var það svo, að kona kom í afgangi á lögreglustöðinni og sagði umbúðalaust: „Mér var sagt að fara hingað og fara fram á nálgunarbann gegn kærastanum, því ég vil hindra, að hann fái forsjá barnanna.“

Ástralski kynfræðingurinn, Bettina Arndt, átti viðtal við fyrrum yfirmann í lögreglunni (police officer), sem bendi á, hvernig reglan, saklaus uns sekt er sönnuð, er fótum troðin. „Nú eru þessi grundvallarregla og vinnubrögð [samkvæmt henni] skrumstæld í þágu hugmyndafræði. Góðir og vitrir menn láta það líðast. Aðrir eru of óttaslegnir til að andæfa.“

Hann heldur áfram: „Sjálfur er ég fórnarlamb hins skelfilegasta ofbeldis í æsku og á fullorðinsárum. ... Faðir okkar lagði aldrei hendur á okkur allt sitt líf. Það var mamma sem gerði á okkur hinar grimmilegustu árásir.“

Það er sjaldgæft að heyra lögreglumenn tjá sig hispurslaust um starf sitt að heimilisofbeldismálum. Þeir hafa nú fengið námskeið í kvenfrelsunarhugmyndafræðinni um ofbeldi karla og liggja undir ámæli fyrir of fáar ákærur, líkt og dómarrar fyrir of fáa sektardóma. Aukin heldur má í Ástralíu víðast hvar og í Bandaríkjunum Norður-Ameríku sums staðar – gera lögreglumenn ábyrga, sé ekki rannsakað og kært.

Hér að neðan er krækja á viðtal, sem áður nefnd Bettina átti við kvenlögreglumann, sem lét staðar numið, eftir tólf ára feril í lögreglunni, Evelyn Rae. Spjall þeirra er einkar fróðlegt.

<https://www.bettinaarndt.com.au/video/police-resent-enforcing-unjust-feminist-laws-former-police-officer-speaks-out-2/>